

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 158/1999**

**frá 26. nóvember 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/1999 frá 24. september 1999<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 330/1999 frá 12. febrúar 1999 um breytingu á C-hluta VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 79/112/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **399 R 0330:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 330/1999 frá 12. febrúar 1999 (Stjtið. EB L 40, 13.2.1999, bls. 23).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 193.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 40, 13.2.1999, bls. 23.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) 330/1999 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*N. v. Liechtenstein*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*